

Ed.

89. Frumvarp

til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Meðan flugvélar eru notaðar til sildarleitar, skal aukagjald lagt á hvert sildarmál og hverja tunnu saltaðrar sildar, og skal með aukagjöldum þessum stofnaður flugmálasjóður Íslands.

2. gr.

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til sildarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og sildarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri sildarleit með þar til hæfri flugvél frá 1. júní til 15. sept. ár hvert, meðan sjóðurinn starfar. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

3. gr.

Hvert skip, er veiðir sild með herpinót, skal gjalda í sjóð þennan 10 auro af hverju máli bræðslusildar og af hverri tunnu saltaðrar sildar eða annarar verkaðrar sildar. Eitt mál bræðslusildar skal talið 135 kg. og skal jafngilda einni tunnu saltaðrar sildar.

4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar fyrir með reglugerð um, hversu innheimta skuli gjöld þessi og um tilhögun á starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Sjóður þessi tekur til starfa 1930, og má verja allt að $\frac{2}{10}$ af tekjum hvers árs í ofan nefndu markmiði, en $\frac{1}{10}$ skal lagður í sjóð til eflingar flugferðum.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.